



Tilkynning vegna afgreiðslu umsókna í Íþróttaslysasjóð

Árið 2002 var undirritað samkomulag á milli heilbrigðisráðuneytisins og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um að ÍSí annaðist umsýslu sjóðs sem hefði með að gera endurgreiðslur til íþróttaiðkenda innan vébanda ÍSí vegna sjúkrakostnaðar í kjölfar íþróttaslysa.

Allir iðkendur 16 ára og eldri, innan vébanda ÍSí, hafa frá þeim tíma getað sótt um 80 % endurgreiðslu til ÍSí á sjúkrakostnaði, sbr. gildandi reglugerð um sjóðinn. Sjóðurinn hefur verið rekinn á föstu, árlegu framlagi frá heilbrigðisráðuneytinu. Framlag ráðuneytisins var 20 milljónir á ári frá árinu 2002-2009 en framlagið var skert um 1,2 m.kr. eða í 18,8 m. kr á fjárlögum 2010.

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi í október 2008 varð veruleg aukning á fjölda umsókna um endurgreiðslu úr sjóðnum. Einnig hafa orðið umtalsverðar verðhækkningar á hvers konar læknskostnaði og kostnaði við sjúkrþjálfun.

Við uppgjör og endurskoðun á rekstri sjóðsins í byrjun árs 2010 varð ljóst að ekki yrði hægt að reka sjóðinn miðað við óbreytt endurgreiðsluhlutfall.

Var þá leitað ráða hjá ráðuneytinu um úrræði.

Nú hafa svör borist frá heilbrigðisráðuneytinu um að ekki verði um aukið framlag að ræða í sjóðinn á yfirstandandi ári.

Að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneytið, hefur framkvæmdastjórn ÍSí samþykkt að skerða hlutfall endurgreiðslna úr sjóðnum um helming, eða niður í 40%, og með því freista þess að geta afgreitt allar umsóknir sem borist hafa og munu berast sjóðnum vegna slysa sem áttu sér stað árið 2009.

Endurgreiðsluhlutfallið verður endurskoðað reglubundið með tilliti til fjölda umsókna sem berast ÍSí frá mánuði til mánaðar til loka ársins 2010, sem mögulega hefur í för með sér enn frekari lækkun á endurgreiðsluhlutfalli.

Samkvæmt Reglugerð ÍSí um greiðslu bóta vegna íþróttaslysa, þá er framkvæmdastjórn ÍSí heimilt að hætta endurgreiðslum ef styrktarfé er uppuríð eða fresta greiðslum til næsta árs.

Á haustmánuðum munu ÍSí og heilbrigðisráðuneytið funda nánar um framtíð sjóðsins og fyrirkomulag.

Afgreiðslu umsókna vegna slysa sem eiga sér stað á árinu 2010 er frestað þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um framtíð sjóðsins.